

AF SJÖTUGS SJÓNARHÓL

I

Það er orðinn mikill siður og að vísu góður, að minnast afmæla með sérstakri vinsemd og ræktarsemi, þegar aldur færast yfir menn og heldur fer að þyngjast fyrir af þeim sökum. Og er þá hinsvegar maklegt til móts, að aldrað afmælisbarn geri eitthvað dálítið meira en áður til að greiða fyrir skilningi á starfi sínu og æfi.

Um mína æviviðleitni er það að segja, að hún hefir mjög eindregið beinst að því að afla mér fróðleiks og skilnings. Skil ég nú miklu betur en í æsku, að þegar skýra skal slíkt kemur ætterni allmjög til greina. En meðal forfeðra minna og frænda hafa verið ýmsir fremstu fræðimenn þjóðarinnar. Var einn af forfeðrum mínum, er segja má að fyrstur yrði til að hefja rannsókn á jarðlögum Íslands, kallaður hinn vísi (Gísli Magnússon sýslumaður). Annar forfaðir, nokkru eldri, síra Sveinn Jónsson á Barði í Fljótum, var kallaður hinn lærði og orðlagður fyrir meiri kunnáttu í grísku en gerðist á þeim tímum — en ég hefi á því tungumáli hinar mestu mætur, þó að þekkingin sé stórum minni en ég hefði óskað. Síra Sveinn lærði var forfaðir Sveins Pálssonar, hins ágæta náttúrufræðings og læknis. Hinn mikli brautryðjandi í rannsókn á náttúru Íslands, Bjarni Pálsson, var afi Guðrúnar ömmu móður minnar. En faðir minn var í beinan karllegg kominn af Sturlu smið Vilhjálmsyni, er nafnkunnur maður var á sinni tíð, og voru þeir frændur smiðir mann fram af manni, en sumir afreksmenn að afli. Hafa þeir menn verið sveitungum sínum til mikils gagns, sem góðir smiðir hafa verið, en góður smiður verður enginn nema hann sé glögg-skyggn og athugull. Til þessara forfeðra minna liggur mér

við að rekja þá ást á hömrum, sem ég hefi haft frá barn-æsku, enda notað hamar talsvert um dagana, þó að ekki hafi til smíða verið.

II

Ég var mjög ungur þegar Magnús Stephensen, þá yfir-dómari, gaf mér bók, sem mér þótti mikið til koma, þó að heldur erfiðlega gengi að lesa hana. Það var „Eðlislýsing jarðarinnar“ eftir Archibald Geikie. Mun bók þessi, sem kom út 1878, en Halldór Friðriksson hafði þýtt, fyrst hafa orðið til að vekja áhuga minn á jarðfræði; en önnur bók sem hafði áhrif í sömu átt, var skáldsaga eftir Jules Verne um eyju sem sprakk í loft upp af eldgosi, líkt og Krakatau, nokkrum árum síðar en sagan var samin. Sílesandi var ég, og má það breyskleiki kallast, að ég hafði gaman af skáld-sögum; en þó var fróðleiksfýsnin það sterk, að sá breyskleiki fékk ekki yfirhöndina. Ég kom í latínuskólann 13 ára, ekki sem best undirbúinn, varð efstur upp úr 1. bekk, og var það oftastnær síðan, en þó felldi stærðfræðin mig stundum niður í annað sæti, og í tvö skipti varð ég jafnvel þriðji. Olli því nóta, sem kallað var, í annað í skipti fyrir það að ég kom of seint, 3 mínútum. Kom það aðeins einu sinni fyrir, þau 6 ár sem ég var í skólanum, að ég yrði of seinn á fætur, og ég skrópaði aldrei; en svo var það nefnt þegar menn nenntu ekki á fætur og fengu sér læknisvottorð, og var slíkt ekki mjög óalgengt. Ástæður mínar til náms voru að því leyti til ekki góðar, sem ég hafði ekkert herbergi fyrir mig til að lesa í, og skorti sumar þær bækur sem ég hefði þurft að eiga. Mér þótti vænt um námsbækurnar og seldi aldrei neina, og þótti mér það mikill skaði þegar ég varð fyrir því óhappi að tapa þeim öllum saman. Ég minnst kennara minna með þakklæti. Þegar þess er gætt hversu þessum kennurum var vanþakkað og illa launað, þá var rækt þeirra við starfið undraverð. Og við betri ástæður hygg ég að ekki mundi hafa komið fyrir annað eins gáleysi og það, sem hafði af mér ágætiseinkunn við stúdentspróf. Slík einkunn var á

þeim árum mjög sjaldgæf, en mig skorti einungis $1\frac{1}{3}$ stigs, og var það með ólíkindum, að ég skyldi ekki fá þessa $5\frac{1}{3}$ fyrir þýðingu úr latínu, sem þurfti til þeirra 105 stiga sem voru ágætiseinkunn. Einkunnir við stúdentspróf það ár voru óvanalega lágar, og bendir það til þess að prófið hafi verið of þungt, því að sumir sambekkinga minna voru óefað í tölu bestu námsmanna skólans og bekkurinn yfirleitt víst heldur í betra lagi en hitt. Sá sem næstur mér var, Sigurður Pjetursson, síðar verkfræðingur, mikill námsmaður og ágætur drengur, fékk aðeins 95 stig, og veit ég ekki dæmi þess, að í annað sinn væri jafn mikill munur á þeim sem efstur var og næstefstur. Það var þýðingin úr latínu sem einkum setti okkur niður. Við vorum 16, og 13 fengu aðeins $3\frac{2}{3}$ eða þar fyrir neðan og nægir það til að sýna, að eitthvað hefir verið bogið við þýðingarefnið. Það var ekki eingöngu hégómaskapur, að illt þótti að missa af ágætiseinkunn, því að það greiddi nokkuð fyrir mönnum við háskólann, að hafa skarað framúr á þann hátt.

III

Minn stærsta sigur sem námsmaður vann ég á háskólaárum mínum. Ég fékk hreina ágætiseinkunn í dýrafræði við kandidatsprófið, eftir 45 mínútna yfirheyrslu, sem gekk mjög liðugt. Veit ég ekki til að neinn af námsfélögum mínum (1891—97) fengi þá einkunn, og hafði ég að visu mikið fyrir haft. Ég hafði mjög mikinn áhuga á dýrafræði og minnst þess ennþá hve mikið mér þótti áunnist hafa, þegar ég fór að fá yfirlit yfir dýraríkið. Var það ásetningur minn að leggja nokkra stund á rannsókn sjávardýra, jafnframt jarðfræðinni, en það fór út um þúfur eins og fleira, þegar ég missti svefninn, í Grænlandsför minni. En þó komst ég síðar, á nokkuð óvæntan hátt, inn á brautir líffræðinnar. Ég varð að fara á mis við þessa rannsókn á kröbbum og smokkfiskum, sem mig hafði svo mjög langað til að geta gert, en mér hefir auðnast að færa líffræðina út til stjarnanna, og láta hana ná eigi einungis yfir lífverur sem eru fyrir neðan

mannkynið, heldur einnig yfir þær sem eru fyrir ofan það, og það svo mjög sumar, að munurinn er stórum meiri en á mönnum og öpum. Ég varð fyrsti maðurinn á þessari jörð, sem frá sannvísindalegu, náttúrufræðilegu sjónarmiði hefir lagt stund á viðfangsefni dulrænnar; en það er, án þess að vera dulrænumaður (mystiker), en þó einnig án þess að líta á málin frá sjónarmiði tómfræðinnar (kenologíunnar), sem allsstaðar kemur í staðinn fyrir trú og dulrænu, ef ekki tekst að láta líffræðina fara að ná til stjarnanna.

IV

Mér var mjög umhugað um að öðlast nokkra þekkingu í framvindufræði og framvinduspeki, og þar kom að lokum, að ég skildi glögg, að framvindustefnurnar eru tvær, og í sambandi við það, að nú er komið að þeim tímamótum, að slík hafa aldrei verið áður hér á jörðu. Framtíðin mun verða mér sammála um, að þarna sé um að ræða mjög verulegt framfaraspor í þessum fræðum.

Niðurstaða vísindanna hefir verið sú, að ekki verði komið auga á neinn tilgang í framvindusögu jarðlífsins og alheimsins. Hér á borðinu hjá mér eru tvær nýjar bækur eftir framúrskarandi vísindamenn, líffræðinginn próf. Jul. Huxley og stjörnufræðinginn dr. H. Spencer Jones — ég hefi minnst á þær í öðrum greinum þessa rits — þar sem þetta er skýrt tekið fram. En hið víðara yfirlit, sem fæst með þeim skilningi, sem ég hefi verið að reyna að vekja eftirtekt á, gerir auðvelt að koma auga á tilganginn. Tilgangurinn með sköpun heimsins er að sigrast á möguleikunum til hins illa. Hinn skapandi kraftur magnar efnið fram til lífs, kemur fram í því sem líf, og því fullkomnara sem lífið verður, því meir kemur það í ljós sem skapari heimsins. Það mark sem sótt er að, er hinn fullkomna lífheild, þar sem allar myndir lífsins eru fullkomlega samstilltar, og sambandið við hinn æðsta kraft því fullkomið. Ég hefi í öðrum kafla þessa rits, getið um þann höfuðörðugleika sköpunarverksins sem af því rís, að samband lífmyndanna við hinn skapandi kraft, eða eins og einnig mætti komast að orði, guðsamband þeirra, verður æ



Stud. mag. Helgi Pjeturss 1893.

Því torveldara sem einstaklingarnir verða sundurleitari og andstæðari, og hvernig vandræði þessi komast á hæsta stig þar sem mannkynið er. En þó er þetta ekki jafnt um allar mannættir. Semítarnir hafa þar t. d. bersýnilega verið betur staddir en hið norræna kyn. Hinar norrænu þjóðir eiga engar bókmenntir, er alveg standi biblíunni jafnfætis sem opinberunarrit. Það er þessvegna sem vér höfum fengið trúarbrögð vor frá Gyðingum. Guðsamband fuglanna er svo fullkomið, að það dugar þeim til að sjá í huga sér sumar-bústaði þá, sem þeir kjósa sér, og rata þangað jafnvel yfir úthöfin. Inspirationin, uppspretta trúarbragðanna, svarar hjá mönnunum til instinktsins, sambandsvitsins hjá fuglunum, en er aðeins miklu ófullkomnari, því að hún dugar ekki til að öðlast hinar nauðsynlegu, réttu hugmyndir um heiminn og lífið. Mannlegt hyggjuvit verður að þroskast meir til móts, ef það á að geta orðið. Og þar er það sem kemur að hlutverki hins norræna kyns. Það verður að færa þannig út og fullkomna vísindin, að þau taki einnig yfir það sem verið hefir svið trúarbragðanna. Þar með væri fengin sú þekking er duga mundi til að samstillja svo hugi mannanna, að guðsambandið efldist og hinn „tilsendi kraftur“ yrði að tilætluðum notum. En þegar á þá leið er komið verða engar ofsóknir og engar styrjaldir. Það verður þá í augum uppi, að vér hér á jörðu eigum fyrir höndum vandaverk, sem mun reynast oss ofvaxið nema með samtökum alls mannkyns. En þó að um vandaverk sé að ræða, þá verða ekki á götu samtaka mannkyns, sem þekkir markið sem stefna ber að, nein þau vandræði, sem svo mjög spilla ævi manna þar sem sífellt er stangast og strítt.

V

Hinn mikli vandi er að koma auga á aldaskiptasannleikann og læra að meta hann. Því að sá sannleikur birtist ekki í dýrð og ljóma. Aðeins með naumindum nær hann að koma fram, hér á útjaðri vitheims. Hann birtist hjá smáþjóð, og hinn fyrsti boðberi hans, er ekki í tölu þeirra sem

mest ber á í þjóðfélaginu. Það er maður, sem þegar í barn-æsku tók þá stefnu, að verja lífi sínu til að leita þeirrar þekk-
ingar, sem ekki virðist hagnýtileg, og ævikjör hefir hlotið
eftir því. En það sem ég hefi sagt af námsferli mínum ætti
að geta verið mönnum nokkur hjálp til að skilja, að sú leit
hefir af áhuga gerð verið og ekki án þess sem vel mætti kalla
skyldurækni.

VI

Það er óefað sumt gott sem því fylgir að vera orðinn
gamall, og er eitt það, að vér höfum lært að líta á æskulýð-
inn af meiri skilningi en á yngri árum. Og það er ánægjulegt
að virða fyrir sér æskulýðinn íslenska. Framfarirnar hafa
orðið svo miklar, þegar ástæður bötnuðu nokkuð. En þó
hygg ég því fjarri fara, að ennþá sé náð því sem áður var hér
best um vöxt og friðleik. Menn eins og þeir mágarnir Gunn-
ar á Hlíðarenda, Ólafur Höskuldsson og Þorsteinn á Borg
Egilsson, hygg ég sjáist hér ekki ennþá. Og það er býsna
eftirtektarvert, að sá maður sem á vorum dögum flestum
eða öllum Íslendingum fremur, hefir vakið á sér eftirtekt
sakir friðleiks og fyrirmannlegs yfirbragðs, átti fyrir föður-
afa aldanskan kaupmann. En þessar framfarir sem ég drap
á, sýna greinilega, að þjóðin er ódrepin ennþá og að mikils
má vænta af þessu fólki, þegar málum verður komið í rétt
horf. Og er illt til þess að vita, ef voðinn dynur á, sá sem nú
vofir yfir, eins og verða mun, ef ekki getur skapast nógu
almennur skilningur á hlutverki íslensku þjóðarinnar, og
þarafleiðandi áhugi á að vinna það sem vinna þarf til þess
að voðanum verði afstýrt.

VII

Að endingu er best að ég segi hvað það er, sem mig einkum
langar til. En það er að ég þyrfti ekki að eiga fyrir höndum
langa dvöl enn á þessari jörð vorri, sem er á útjaðri vitheims.
Og mundi ég þó ekki segja frá þessu, ef ég vissi ekki, að það

getur orðið mönnum til nokkurs gagns. Menn eru að tala um von eilífs lífs. En hvað dugar í þessum efnum von? Von er sama sem óvissa. En það verður að vita með vissu. Og ég veit. Ég er fyrsti maðurinn á þessari jörð, sem veit hvað við tekur. Og segi ég þó raunar of mikið. Því að ég veit ekki með vissu, nema svo illa geti menn reynst mér, að ég lenti fyrst um sinn í miður góðum stað. Því að í þessu efni kemur stillilögmálið til greina. En með vissu veit ég, að jafnvel þó að svo færi, mundi dvöl mín í slíkum stað ekki verða löng. Og ég hlakka til að koma fram á betri jörð og geta þar lifað með þeim sem mér þykir vænt um, og verið þeim betri en hér á jörðu. Því að þar sem sannleikurinn er mikils metinn, mun ég ekki verða lítils megnugur, eins og ég hefi verið hér, þar sem hégómi, lygi og villa er í hávegum haft, en sannleikurinn lítils metinn. Og ég hlakka til að geta gert líkama minn þannig, að hann verði svo mér líki; og mér mun þykja gaman að ýmiskonar aflraunum — einnig í sambandi við rannsóknastarf — þegar ég verð orðinn nógu sterkur. Og svo mun ég geta lagt stund á stjörnufræði og jarðfræði og önnur vísindi, á þann hátt sem mér líkar. Og er mér óhætt að segja það fyrir, að sú aukna þekking sem ég mun öðlast þegar á aðra jörð er komið, mun ekki reynast þýðingarlaus fyrir framfarir vísindanna hér á jörðu. Og ég mun gera mér mikið far um að styðja að því, að ekki þurfi þeir sem ævi sinni verja til að leita sannleikans, í þágu alls mannkyns, að eiga slíka æfi sem ég hefi átt.

VIII

Hætt er við að menn geti misskilið það sem sagt er í upphafi kaflans hér á undan, og verð ég því að bæta nokkru við. Mér mundi þykja það hið mesta ólán, ef ég yrði að kveðja þessa jörð áður en ég hefði lokið verki mínu. Skilningur á sannindum þeim sem ég hefi verið að reyna til að koma fram, þarf að vera orðinn svo almennur og traustur, að dugi til þess að ég geti, þegar komið er á aðra jörð, fengið slíkt samband við menn hér á jörðu, sem ég óska eftir, og jafnvel komið hér líkamlega fram, þegar mér þykir nauðsyn til. Og

hætt er við, að ég þurfi að lifa hér á jörðu áratug enn eða lengur, áður þar til nauðsynlegum undirbúningi er lokið.

Ég hefi ekki verið gæfumaður hingaðtil, og get ég ekki sagt, að sjálfum mér sé um að kenna. Ekkert orðtæki er vitlausara en það, að hver sé sinnar gæfu smiður. Það getur t. d. haft hin mestu áhrif á alla ævi manns, ef hann veikist á fyrsta ári, og getur hann sjálfur vitanlega þar engu um ráðið. Þarf ekki að rekja þetta lengra, svo mjög er það í augum uppi. En nú ætla ég mér að fara að breyta um og vera gæfumaður það sem eftir er ævi minnar hér á jörðu. Til þess að það takist, þarf ekki annað en það, að menn reyndust mér eins og þeim er sjálfum fyrir bestu. Menn þurfa að láta sér skiljast, að það er sannleikurinn sem ég er að segja þeim. Afleiðingin mundi verða sú, að ég gæti fengið það samband sem ég þrái svo mjög og illt er án að vera, við hinar guðlegu verur, sem getið er um í Framnýal, (kaflanum „Björgun mannkynsins“). En þegar ég er orðinn gæfumaður, mun eg sjá svo um, að það verði ekki mér einum til ánægju. Ég mun þá geta látið ýmislegt gott af mér leiða, sem hingaðtil hefir ekki orðið komið fram, og ég mun geta ritað þær bækur, sem milljónir munu lesa sér til aukins gengis og gæfu, bæði hér á jörðu og síðar.